**Aðgerðaáætlun 2023**

Í þessari aðgerðaáætlun er gerð grein fyrir fyrirhuguðum aðgerðum í framkvæmd stefnu alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands árið 2023 í samræmi við 5. og 9. grein laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Aðgerðaáætlunin er nokkuð yfirgripsmikil, en þó ekki tæmandi. Í henni má finna yfirlit yfir það með hvaða hætti íslensk stjórnvöld vinna að settum markmiðum á árinu 2023 í gegnum starf í tvíhliða samstarfsríkjum Íslands, stuðning við áherslustofnanir og mannúðarstarf auk samstarfs við aðra aðila, s.s. félagasamtök. Yfirmarkmið Íslands er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, jafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Ísland vinnur að því í gegnum þrjú skilgreind þróunarmarkmið á sviði uppbyggingar félagslegra innviða og starfa í þágu friðar, verndun jarðarinnar og sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda og mannúðaraðstoðar. Því til viðbótar eru sett fram markmið og aðgerðir hvað varðar sérstök viðfangsefni á árinu sem ætlað er að bæta starfið. Þess ber að geta að hluti af þróunarsamvinnu Íslands er í formi reglubundinnar fjármögnunar Alþjóðaframfarastofnuarinnar (IDA) sem er sá armur Alþjóðabankans sem veitir lán og styrki til fátækustu ríkjanna. Stuðningur við IDA er heildstæður og stuðlar að framgangi allra heimsmarkmiða SÞ í takt við þarfir hvers ríkis og er því ekki getið í töflunni hér að neðan. Rétt ber að nefna að í neðangreindri aðgerðaáætlun er ekki gerð grein fyrir stuðningi við Úkraínu sem fellur undir framlög til þróunarsamvinnu. Stuðningur við Úkraínu fellur undir sérstaka fjárveitingu ríkisstjórnarinnar og utan Stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023.

## 1.1 Kynjajafnrétti og valdefling kvenna – heimsmarkmið 5

1.1.1 Aukið jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna
1.2.2 Aukið jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna í óstöðugum ríkjum, aukin þátttaka kvenna í friðaruppbyggingu
1.1.3 Bætt heilbrigðisþjónusta og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna kynfæralimlestinga kvenna og stúlkna

| | Aðgerðir | Fyrirhugað á árinu 2023 |
|---|---|---|
| | Stuðningur við starfsemi UN Women, þar á meðal til verkefna UN Women í Palestínu og Zaatari flóttamannabúðanna í Jórdaníu. Áframhaldandi áhersla á kjarnaframlög. | Kjarnaframlag hækkað og framlög greidd tímanlega og samkvæmt samningum. Undirbúningur á nýjum rammasamningi í samhengi árlegs samráðsfundar við UNICEF og nýja þróunarsamvinnustefnu. Virk þátttaka og eftirlit með störfum stofnunarinnar. |
| | Stuðningur við UFGE, jafnréttissjóð hjá Alþjóðabankanum. | Samningur við UFGE rennur út 2023. Gengið verður frá framlengingu á stuðningi við sjóðinn fyrir árslok. |
| | Jafnréttisverkefni í Malaví, aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi í Malaví, þríþætt verkefni með frjálsum félagasamtökum og Mannréttindastofnun Malaví. | Samningur undirritaður í lok árs 2022, framkvæmd yfirstandandi. |
| | Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til tveggja ára fyrir tvíhliða samstarf í Malaví. | Unnið að aðgerðaáætlun – verklok áætluð lok árs 2023. |
| | Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til tveggja ára fyrir tvíhliða samstarf í Úganda. | Áætluð verklok í lok árs 2023. |
| | Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til tveggja ára fyrir tvíhliða samstarf í Síerra Leóne. | Áætluð verklok í lok árs 2023. |
| | Stuðningur við starfsemi Jafnréttisskóla GRÓ. | Virk starfsemi Jafnréttiskóla GRÓ. Nemendahópur ársins 2023 samanstendur af 23 sérfræðingum. Námskeið á vettvangi og netnámskeið. Tveir doktorsnemar styrktir til náms. |
| | Stuðningur við átak UN Women um Kynslóð kynjajafnréttis (Generation Equality) um aukna þátttöku drengja og karla í jafnréttismálum. | Virk þátttaka í forystu aðgerðabandalags gegn kynbundnu ofbeldi ásamt FOR. Framlög greidd tímanlega fyrir ný verkefni tengt Kynslóð kynjajafnréttis. |
| | Stuðningur við She Trades verkefni á vegum International Trade Corporation (ITC). | Framlag í samræmi við samstarfssamning 2021-2023 greitt á fyrri hluta árs. |
| | Þrjár rakarastofur haldnar í samstarfslöndum eða á vettvangi alþjóðastofnana 2021-2022. | Rakarastofa haldin í París í febrúar 2023 og í Genf fyrri hluta árs. Undirbúningur rakarastofu í Síerre Leóne og New York. |
| | Stuðningur við Women´s Center for Legal Aid and Counselling í Palestínu. | Tímanleg framlög veitt í samræmi við samstarfssamning 2021-2023. Mat lagt á áframhaldandi samstarf. |
| | Stuðningur við samstarfsverkefni UNICEF og UNFPA um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna. | Tímanleg framlög veitt í samræmi við samstarfssamning sem gildir út 2025. |

**1.2. Jafn aðgangur allra að góðri menntunna – heimsmarkmið 4**
1.2.1. Minna brottfall nemenda og aukin gæði menntunar í samstarfslöndum
1.1.2. Bætt aðgengi að menntun
1.2.3. Bætt menntun í óstöðugum ríkjum

| | Aðgerðir | Fyrirhugað á árinu 2023 |
|---|---|---|
| | Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Úganda (Namayingo hérað). | Lýkur á árinu, nýtt samstarfsverkefni í undirbúningi. |
| | Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Úganda (Buikwe hérað). | Verkefni í framkvæmd. |
| | Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Malaví (Mangochi hérað). | Stuðningi við menntaskrifstofuna í Mangochi er að mestu lokið, verkefnið verður tekið út á árinu og framhald skoðað. |
| | Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Malaví (Nkhotakota hérað). | Verkefnið var samþykkt í apríl og kemur til framkvæmda á árinu. |
| | Samstarfsverkefni með WFP um heimaræktaðar skólamáltíðir í Mangochi héraði í Malaví. | Verkefni í framkvæmd. |
| | Stuðningur við starfsemi UNICEF – áframhaldandi áhersla lögð á kjarnaframlög. | Kjarnaframlög hækkuð og greidd tímanlega í takt við rammasamning 2021-2023. Undirbúningur að nýjum rammasamning í samhengi árlegs samráðsfundar við UNICEF og nýrrar þróunarsamvinnustefnu. Virk þátttaka og eftirlit með störfum stofnunarinnar. |
| | Stuðningur við UNESCO. | Tímanlegt kjarnaframlag í takt við rammasamning (2021-2023), fjármögnun starfsmanns hjá UNESCO og virk seta Íslands í framkvæmdastjórn (2021-2025). |

**1.3 Bætt grunnheilbrigðisþjónusta og lækkuð tíðni mæðra- og barnadauða – heimsmarkmið 3**
1.3.1. Bætt heilbrigðisþjónusta með áherslu á mæðra- og barnavernd og frjósemisheilbrigði
1.3.2. Bætt heilbrigðisþjónusta í óstöðugum ríkjum

| | Aðgerðir | Fyrirhugað á árinu 2023 |
|---|---|---|
| | Samstarfsverkefni í heilbrigðisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Mangochi héraði í Malaví. | Verkefni í framkvæmd. |
| | Samstarfsverkefni í heilbrigðisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Nkhotakota héraði í Malaví. | Verkefni samþykkt í apríl, kemur til framkvæmda á árinu. |
| | Stuðningur við bætt kyn- og frjósemisheilbrigði í Malaví, verkefni með UNFPA í Mangochi og Nkhotakota héruðum. | Verkefni í Mangochi lýkur á árinu en nýtt verkefni með UNFPA er í undirbúningi í Nkhotakota og fer af stað á árinu. |
| | Samstarf við UNFPA sem miðar að því að útrýma fæðingafistli í Síerre Leóne. | Verkefni í framkvæmd. |
| | Stuðningur við starfsemi UNFPA – áframhaldandi áhersla lögð á kjarnaframlög. | Kjarnaframlög hækkuð og greidd tímanlega í takt við rammasamning. Undirbúningur að nýjum rammasamning í samhengi árlegs samráðsfundar við UNFPA og nýrrar þróunarsamvinnustefnu. Virk þátttaka og eftirlit með störfum stofnunarinnar. |
| | Stuðningur við UNICEF Palestínu. | Framlag greitt tímanlega og í samræmi við samstarfssamning 2021-2023. Hugað að framhaldi samstarfs. |
| | Stuðningur við UNFPA í Sýrlandi. | Framlag greitt tímanlega og í samræmi við áheit fyrir tímabilið 2022-2024. |
| | Stuðningur við Palestinian Medical Relief Society. | Framlag greitt tímanlega og í samræmi við samstarfssamning 2021-2023. Hugað að framhaldi samstarfs. |

**1.4 Bætt aðgengi að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu - heimsmarkmið 6**
1.3.1. Bætt heilbrigðisþjónusta með áherslu á mæðra- og barnavernd og frjósemisheilbrigði

| | Aðgerðir | Fyrirhugað á árinu 2023 |
|---|---|---|
| | Samstarfsverkefni um bætt aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu í Namayingo og Buikwe héruðum í Úganda. | Vatnsverkefni í Namayingo (fyrsti áfangi) lýkur í lok árs, undirbúningur að nýju verkefni hafinn. Framkvæmd við nýtt vatnsverkefni í Buikwe (þriðji áfangi) hófst 2022 og verður haldið áfram. |

| | | |
|---|---|---|
| | Stuðningur við flóttamannabyggðir og viðtökusamfélög þeirra í norðvesturhluta Úganda – Samstarfsverkefni með UNICEF. | Verkefnisskjal samþykkt og samstarfssamningur undirritaður í febrúar 2023. |
| | Samstarfsverkefni um bætt aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu í Nkhotakota héraði í Malaví. | Verkefnisskjal tilbúið á fyrri hluta árs 2023 og verkefni komið í framkvæmd. |
| | Samstarfsverkefni með UNICEF í Síerra Leóne um aukinn aðgang að hreinu vatni í samfélögum, skólum og heilsugæslustöðvum . | Framkvæmd hefst í byrjun árs 2023. |
| 16 FRIÐUR OG RÉTTLÆTI | **1.5 Skjót endurreisn, aukinn viðnámsþróttur og sterkari innviðir samfélaga - heimsmarkmið 16**<br>1.5.1. Fyrirsjáanleg og skjót mannúðaraðstoð<br>1.5.2 Aukin samhæfing og skilvirkni mannúðaraðstoðar<br>1.5.3 Bætt geta yfirvalda til að veita grunnþjónustu og aukið gagnsæi hins opinbera<br>1.5.4 Aukið öryggi og endurreisn samfélaga, bætt geta stofnana til að styðja við mannréttindi frið og lýðræði | |
| | **Aðgerðir** | **Fyrirhugað á árinu 2023** |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við OCHA. | Tímanleg greiðsla kjarnaframlags og áheita í svæðasjóði. Endurnýjun rammasamnings fyrir tímabilið 2024-2027. |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við CERF. | Tímanleg greiðsla kjarnaframlags. Endurnýjun rammasamnings fyrir tímabilið 2024-2027. |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við UNHCR. | Tímanleg greiðsla kjarnaframlags og áheita. Endurnýjun rammasamnings fyrir tímabilið 2024-2027. |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við UNRWA. | Tímanleg greiðsla kjarnaframlags. Endurnýjun rammasamnings fyrir tímabilið 2024-2027. |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við WFP. | Endurnýjun rammasamnings fyrir tímabilið 2024-2027. |
| | Stuðningur við WFP í Jemen og á Sahel svæðinu. | Tímanleg greiðsla framlaga og endurnýjun áheita til Mið-Sahel svæðisins fyrir 2024-2025. |
| | Stuðningur við félagasamtök á Íslandi í formi rammasamninga. | Áframhaldandi stuðningur til félagasamtaka í gegnum rammasamninga. Tímanlegar greiðslur og tveir árlegir samráðsfundir. Rammasamningar á sviði kynningar- og fræðslumála komið á við Landsnefndir UN Women og UNICEF ásamt Félagi SÞ. |
| | Stuðningur við Slysavarnafélagið Landsbjörgu. | Endurnýjun samstarfssamnings. |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við ICRC. | Endurnýjun samstarfssamnings/samstarfsyfirlýsingar. |
| | Stuðningur við héraðsyfirvöld í Mangochi héraði í Malaví til að bæta grunnþjónustu á sviði mennta-, heilbrigðis- og vatns- og hreinlætismála. | Unnið samkvæmt verkefnaáætlun. Samstarfssamningur var framlengdur fyrir tímabilið 2021-2023. |
| | Stuðningur við héraðsyfirvöld í Buikwe og Namayingo héruðum í Úganda til að bæta grunnþjónustu á sviði menntamála og vatns- og hreinlætismála. | Unnið samkvæmt framhaldsáfanga verkefnisins Buikwe District Fishing Community Development Programme 2022-2025. Núverandi áfanga lýkur í Namayingo á árinu en framhaldsverkefni er í undirbúningi. |
| | Stuðningur við héraðsyfirvöld í Nkhotakota héraði í Malaví til að efla grunnþjónustu á sviði mennta-, heilbrigðis- og vatns- og hreinlætismála. | Lokið við gerð verkefnaskjals og samstarfssamnings í apríl. |
| | Stuðningur við friðaruppbyggingu á landamærum Malaví og Mósambík í samstarfi við Heimsmarkmiðasjóð SÞ í Malaví. | Framkvæmd í gangi sem lýkur á árinu. Skoðaður verði möguleiki á frekara samstarfi. |
| | Stuðningur við fátækasta fólkið í Malaví (social protection) í gegnum sameiginlegan sjóð framlagsríkja á vegum Alþjóðabankans. | Framkvæmd hefst samkvæmt áætlun á árinu. |
| | Ungliðastöður hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna fjármagnaðar. | Ráðningarferlum þriggja ungliðastaða lokið og framlög greidd út tímanlega. Hugað að þremur ungliðastöðum fyrir næsta ár. |

| | | |
|---|---|---|
| | Útsendir sérfræðingar til alþjóðastofnana. | Stuðningur við verkefni í formi útsendra sérfræðinga, þ. á m. eru sérfræðingar hjá UN Women og SE4ALL í New York, sérfræðingur hjá FAO í Róm og mannúðarliði hjá UNRWA í Jerúsalem. |
| | Stuðningur við verkefni alþjóðastofnana í formi starfa íslenskra sérfræðiráðgjafa byggt á eftirspurn. Ráðgjafalistar á fimm sviðum: Jarðhiti; vatnsaflsvirkjanir; fiskimál; jafnréttismál; landgræðsla og sjálfbær landnýting. | Byggist á eftirspurn stofnananna sem samningar eru við (Alþjóðabankinn, UNEP, FAO, IFAD). Ráðgjafalistar uppfærðir í samræmi við þarfir samstarfsstofnana og niðurstöðum úttektar á samstarfi við atvinnulífið í þróunarsamvinnu. Ráðgjafalistar kynntir samstarfsstofnunum.<br>Möguleg fjölgun samstarfsstofnana, s.s. SE4all. |
| | Stuðningur við HRIE, mannréttindasjóð hjá Alþjóðabankanum. | Tímanleg framlög í takt við rammasamning sem gildir út árið 2023. Unnið að framlengingu stuðnings. Virk þátttaka og eftirlit með starfi sjóðsins. Stuðningur við starf sjóðsins með fjármögnun Íslensks sérfræðings. |
| | Stuðningur við UN Department of Political and Peacebuilding Affairs (DPPA). | Gerð nýs rammasamnings í stað þess sem rann út í lok árs 2022. |
| | Stuðningur við átaksverkefni OHCHR, UN Free and Equal (LGBTI+). | Samningur undirritaður (2021-2023) og tímanleg framlög í takt við samning. |
| | Samningur við hnattræna Jafnréttissjóðinn, Global Equality Fund (LGBTI+). | Tímanleg framlög veitt í takt við samning (2021-2025). |
| | Stuðningur við starf UNESCO á sviði tjáningarfrelsis og öryggis fjölmiðlafólks. | Tímanleg framlög veitt í takt við samning (2019-2023) og hugað að áframhaldandi samstarfi. |
| | Stuðningur við kosningaverkefni UNDP í Síerra Leóne. | Verkefni samþykkt og í framkvæmd hjá UNDP. Ísland tekur þátt í samráðsfundum framlagsríkja til verkefnisins. |
| 7 SJÁLFBÆR ORKA | 2.1 Aukin nýting jarðhita og annarra endurnýjanlegra orkugjafa – heimsmarkmið 7<br>2.1.1 Aukin þekking og geta til að nýta jarðhita<br>2.1.2 Aukin þekking og geta til að nýta endurnýjanlega orku | |
| | **Aðgerðir** | **Fyrirhugað á árinu 2023** |
| | Stuðningur við starfsemi Jarðhitaskóla GRÓ. | Virk starfsemi Jarðhitaskóla GRÓ. Nemendahópur ársins 2023 mun samanstanda af 24-25 sérfræðingum. Námskeið á vettvangi og netnámskeið. Tólf meistaranemar og sex doktorsnemar styrktir til náms. |
| | Stuðningur við orkusjóð Alþjóðabankans, ESMAP. | Tímanleg framlög í samræmi við rammasamning (2021-2023) og virk þátttaka og eftirlit með starfi sjóðsins. Unnið að framlengingu stuðnings. Stuðningur við starfsemi ESMAP með fjármögnun íslensks sérfræðings á sviði jarðhitamála frá og með 2024. |
| | Stuðningur við aukið aðgengi að sjálfbærri orku í Mangochi héraði, Malaví. | Verkefninu lýkur á árinu. |
| | Stuðningur við aukið aðgengi að sjálfbærri orku í Nkhotakota héraði, Malaví. | Nýtt verkefni samþykkt og kemur til framkvæmda á árinu. |
| | Stuðningur við Sustainable Energy for All - SEforALL. Stuðningur við kjarnastarfsemi og jafnréttisverkefni sem miðar að valdeflingu kvenna í orkumálum. | Tímanleg framlög veitt í samræmi við samstarfssamning og virk þátttaka í starfi stofnunarinnar auk þess með fulltrúa í Fjárveitingaráði stofnunarinnar (Funders Council). |
| | Ísland er málsvari jafnréttis og sjálfbærrar orku á vettvangi UN Energy og vinnur að framgangi frjálsra orkuskuldbindinga (Energy Compacts) í samvinnu við UNDP og UNDESA. | Ísland fjármagnar stöðu sérfræðings hjá UN Energy til tveggja ára. |
| | Energy and Environment Partnership Facility for Africa – fjölgjafasjóður sem starfar með EnDev, og er vistaður hjá Norræna þróunarsjóðnum. | Tímanleg framlög greidd í samræmi við samstarfssamning 2022-2024 og virk þátttaka í starfi sjóðsins. Þátttaka í ráðgefandi stjórn og virkt eftirlit með starfi sjóðsins. |

## 2.2 Verndun og sjálfbær nýting hafs og vatna – heimsmarkmið 2 og 14

2.2.1 Bætt stjórnun og sjálfbær nýting sjávarauðlinda og bætt lífskjör í fiskimannasamfélögum

2.2.2 Dregið úr plastmengun í hafi

| | Aðgerðir | Fyrirhugað á árinu 2023 |
|---|---|---|
| | Stuðningur við starfsemi Sjávarútvegsskóla GRÓ. | Virk starfsemi Sjávarútvegsskólans. Í apríl útskrifuðust 22 sérfræðingar og hefur annar hópur nám í árslok. Fyrirhuguð eru tvö námskeið á vettvangi. Einn meistaranemi og sex doktorsnemar styrktir til náms. |
| | Stuðningur og samstarf við sjóð Alþjóðabankans um Bláa hagkerfið (PROBLUE). | Samningur til fimm ára endurnýjaður árið 2022, virk þátttaka og eftirlit með störfum sjóðsins. Stuðningur við starf sjóðsins með fjármögnun sérfræðings á sviði fiskimála. |
| | Samstarf við Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO). | Tímanleg framlög greidd í samræmi við samstarfssamning 2023-2026. Stutt við starfsemi FAO með fjármögnun íslensks sérfræðings hjá FAO á sviði bláa hagkerfisins. Virk þátttaka og eftirlit með störfum stofnunarinnar. |
| | Stuðningur við verkefni tengd bláa hagkerfinu í Síerra Leóne. | Aðgerð hafin, verkefni í mótun. |

## 2.3 Endurheimt vistkerfa, sjálfbær landnýting og takmörkun landhnignunar – heimsmarkmið 15

2.3.1 Aukin þekking og geta staðbundinna stofnana til landgræðslu og -verndar

| | Aðgerðir | Fyrirhugað á árinu 2023 |
|---|---|---|
| | Stuðningur við starfsemi Landgræðsluskóla GRÓ. | Virk starfsemi Landgræðsluskóla GRÓ. Nemendahópur ársins samanstendur af 23 sérfræðingum. Námskeið á vettvangi og netnámskeið. Tveir meistaranemar styrktir til náms. |
| | Samstarf við Umhverfisstofnun SÞ (UNEP). | Virk þátttaka Íslands á vettvangi stofnunarinnar, m.a. á fyrsta samningufundi um plast og plastmengun í lok árs þar sem Ísland er hluti af metnaðarbandalagi gegn plastmengun ásamt nítján öðrum ríkjum. |
| | Samstarf við Alþjóðasjóð um þróun landbúnaðar (IFAD). | Samstarf við stofnunina í samræmi við samstarfssamning 2023-2026. Samningurinn felur ekki í sér framlög. |
| | Umhverfis- og skógræktarverkefni með héraðsyfirvöldum í Nkhotakota héraði í Malaví. | Verkefnið samþykkt og fer af stað á árinu. |

## 2.4 Aukin mótvægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga – heimsmarkmið 13

2.4.1 Bætt aðlögun að og mótvægi gegn áhrifum loftslagsbreytinga

2.4.2 Aukið hlutverk kvenna við ákvarðanatöku á alþjóðavettvangi í loftslagsmálum

| | Aðgerðir | Fyrirhugað á árinu 2023 |
|---|---|---|
| | Aukinn stuðningur við Græna loftslagssjóðinn (Green Climate Fund). | Árlegt framlag tvöfaldað frá árinu 2021. Virk þátttaka með framkvæmd og starfi sjóðsins. |
| | Stuðningur við Aðlögunarsjóð UNFCCC sem styður við fátækustu ríkin. | Tímanleg framlög veitt í takt við samstarfssamning 2022-2024. Virk þátttaka með framkvæmd og starfi sjóðsins. |
| | Stuðningur við fjölþjóðasjóð hjá Alþjóðaveðurmálastofnuninni sem vinnur að uppbyggingu bættra veðurathugana og bættu viðnámi við loftslagsbreytingum í fátækustu ríkjunum (SOFF). | Þriggja ára samningur undirritaður (2022-2024) og tímanleg framlög veitt. Virk þátttaka í framkvæmd sjóðsins og fulltrúi í stýrisnefnd sjóðsins. |
| | UNDP Climate Promise. Fjölgjafasjóður sem vinnur með ríkjum að framkvæmd og aðstoð við fjármögnun landsákvarðaðra markmiða (NDCs) þeirra. | Tímanleg framlög veitt í takt við samstarfssamning 2022-2024 um stuðning við fátækustu ríkin um framkvæmd þeirra á landsákvörðuðum markmiðum þeirra gagnvart Parísarsamningnum (Nationally Determined Contributions). Virk þátttaka og fulltrúi í stýrisnefnd sjóðsins. |
| | Stuðningur við verkefnið Empowering Women and Youth to Lead the Clean Energy Transition. Verkefnið er samstarfsverkefni SEforALL og Enel Foundation og miðar að þjálfun kvenna og | Ganga frá samningi við stofnunina og greiða framlög tímanlega. |

| | | |
|---|---|---|
| | ungmenna innan orkugeirans í völdum ríkjum Afríku. | |
| | Stuðningur við verkefni Energia um Women Driving the Energy Transition and Climate Justice. Verkefni sem vinnur að efnhagslegri valdeflingu kvenna í fimm ríkjum. | Ganga frá samningi við stofnunina til fjögurra ára 2023-2026. Framlög greidd tímanlega og virk þátttaka í markmiðasetningu verkefnisins. |
| 8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR | 2.5 Sjálfbær hagvöxtur og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla – heimsmarkmið 8<br>2.5.1 Efnahagsleg tækifæri, nýsköpun og bætt framleiðni<br>2.5.2 Atvinnusköpun fyrir konur, ungmenni og viðkvæma hópa | |
| | **Aðgerðir** | **Fyrirhugað á árinu 2023** |
| | Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu. | Styrkjum til verkefna úthlutað reglulega. |
| | Stuðningur við efnahagslega valdeflingu kvenna í Mangochi og Nkhotakota héruðum í Malaví. | Verkefni lýkur á árinu í Mangochi en nýtt verkefni fer af stað í Nkhotakota á árinu. |
| | Stuðningur við efnahagslega valdeflingu kvenna í Úganda. | Verkefnaundirbúningur á lokastigi, fer í framkvæmd á seinni hluta ársins. |

**Innra starf, starfshættir og stefnumótun**

| Viðfangsefni | Aðgerðir | Fyrirhugað á árinu 2023 |
|---|---|---|
| Stefnumótun | • Stefna Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 og aðgerðaáætlun 2024-2025. | • Þingsályktunartillaga lögð fram á Alþingi á haustþingi. |
| | • Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SÞ nr. 1325 um konur, frið og öryggi. | • Uppfærð áætlun 2022-2026 samþykkt og gefin út í lok árs 2023. |
| | • Tvíhliða samstarfssamningur milli Íslands og Síerra Leóne og opnun sendiskrifstofu í Freetown, Síerra Leóne. | • Undirritun samnings og opnun sendiráðs á haustmánuðum 2023. |
| | • Landsáætlanir fyrir samstarfslönd. | • Landsáætlanir fyrir Malaví og Úganda hafa verið samþykktar, Síerra Leóne í mótun og verður lokið í lok árs. |
| | • Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til tveggja ára fyrir tvíhliða samstarf í Malaví. | • Gerð aðgerðaáætlunar lokið á árinu. |
| | • Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til tveggja ára fyrir tvíhliða samstarf í Úganda. | • Gerð aðgerðaáætlunar lokið á árinu. |
| | • Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum til tveggja ára fyrir tvíhliða samstarf í Síerra Leóne. | • Gerð aðgerðaáætlunar lokið á árinu. |
| Árangursstjórnun | • Samræmd árangursvöktun á lykilmælikvörðum. | • Vinna hafin með sendiskrifstofum í tvíhliða samstarfslöndum. Lykilmælikvarðar í verkefnum á vegum samstarfsstofnana kortlagðir. |
| | • Jafningjarýni Þróunarsamvinnunefndar OECD, DAC á starfi Íslands. | • Rýni fór fram í október 2022, lokaniðurstöður teknar fyrir í apríl 2023 og formlega kynntar á Íslandi 5. júní. |
| Úttektir | • Árleg úttektaráætlun, gagnsæi í vinnubrögðum og eftirfylgni úttekta. | • Árlegar áætlanir gefnar út fyrir starfsárin 2023 og 2024, niðurstöður úttekta gerðar aðgengilegar almenningi á heimasíðu utanríkisráðuneytisins og í gagnagrunni DAC. Eftirfylgni úttekta hluti af starfsháttum. |
| | • Úttektir á þróunarsamvinnu Íslands samkvæmt árlegum úttektaráætlunum. | Helstu úttektir 2023:<br>• Innri rýni á samstarfi við landsnefndir UNICEF, UN Women og Félag SÞ á Íslandi. |

| | | |
|---|---|---|
| | | • Úttekt á byggðaþróunarverkefnum Íslands í Mangochi, Malaví.<br>• Sameiginleg úttekt með UNICEF á vatns- og hreinlætisverkefnum í strandbyggðum Síerra Leóne.<br>• Úttekt á styrkveitingum til meistara- og doktorsnema í gegnum þjálfunarprógrömm GRÓ.<br>• Úttekt á verkefnum. Kristniboðssambandsins í Kenía.<br>• Úttekt á verkefnum Broskalla í Kenía.<br>• Úttekt á verkefnum Haven Rescue Home í Kenía.<br>• Innri rýni á samstarfi UTN við SlysavarnarfélagiðLandsbjörgu/alþjóðabjörgunar sveitina á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. |
| Félagasamtök | • Stefnumið fyrir félagasamtök 2021-2025. | • Stefnumið endurskoðuð þegar ný stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu hefur verið samþykkt. |
| | • Rammasamningar við helstu samstarfsaðila í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð. | • Áframhaldandi stuðningur og eftirfylgni með rammasamningum.<br>• Tímanlegar greiðslur og árlegir samráðsfundir.<br>• Kynningar- og fræðslumál færð undir rammasamninga.<br>• Vinna hefst við að undirbúa nýja rammasamninga, skoða hvernig megi bæta og gera betur.<br>• Sniðmát fyrir framvinduskýrslur endurskoðað. |
| | • Rammasamningar við helstu samstarfsaðila í kynningar og fræðsluverkefnum. | • Gerð rammasamninga við landsnefndir UN Women og UNICEF ásamt Félagi SÞ. Undirritun, eftirfylgni og samráðsfundur í samstarfi við deild fjölþjóða þróunarsamvinnu. |
| | • Breytingar/Uppfærsla á styrkveitingakerfi til félagasamtaka. | • Sérstakar styrkveitingar til kynningar- og fræðsluverkefna lagðar niður og þær sameinaðar almennum styrkveitingum til þróunarsamvinnuverkefna.<br>• Verklagsreglur uppfærðar í samræmi við breytingar.<br>• Eyðublöð, gæðaviðmið og önnur umsóknargögn endurskoðuð. |
| | • Verkefni félagasamtaka hafa jafnrétti, mannréttindi og loftslagsmál að leiðarljósi. | • Vinna hefst árið 2023 svo hægt verði að innleiða viðmiðin fyrir úthlutun 2024. |
| Atvinnulífið | • Stefnumið fyrir samstarf við íslenskt atvinnulíf. | • Unnið að stefnumiðum sem byggi á tillögum úttektar á samstarfi við atvinnulíf. |
| | • Kynning á samstarfstækifærum á grunni Heimsmarkmiðasjóðsins. | • Kynning haldin fyrir lok árs 2023. |
| | • Uppfærsla á verklagsreglum fyrir Heimsmarkmiðasjóð atvinnulífs um þróunarsamvinnu. | • Uppfærðar verklagsreglur tilbúnar fyrir lok árs 2023. |